



# Öndunarfærasýkingar


## Vika 49

4. – 10. desember 2023

Embætti landlæknis  
Sóttvarnalæknir

### COVID-19 (SARS-CoV-2)


Fjöldi COVID-19 greininga í haust hefur verið nokkuð stöðugur og heilt yfir eru ekki merki um aukningu. Í viku 49 greindust 97 einstaklingar með COVID-19, annað hvort staðfest með PCR-prófi eða með klínískri greiningu. Hlutfall jákvæðra prófa af heildarfjölda greindra sýna hefur einnig verið nokkuð stöðugt frá upphafi hausts og sveiflast í kringum 20% (mynd 1).




**Mynd 1.** Vikulegur fjöldi einstaklinga sem greindist með COVID-19, annað hvort með PCR-prófi eða klínískri greiningu (vinstri ás), og hlutfall jákvæðra COVID-19 PCR-prófa af heildarfjölda greindra sýna (hægri ás) haustið/veturinn 2023 (frá mánaðamótum ágúst–september).

## Inflúensa

Fjöldi greininga á staðfestri inflúensu þokast upp á við og greindust 28 einstaklingar í viku 49. Inflúensan er fyrr á ferðinni nú miðað við venjulega fyrir COVID-19 faraldurinn, en aðeins seinna en síðasta vetur. Fjöldi greininga nú er sambærilegur meðalfjölda í vikum 4–5 (janúar og byrjun febrúar) árin 2015–2020 (mynd 2). Mun fleiri sýni eru tekin nú en á árunum fyrir COVID-19 faraldurinn sem kann að skýra aukin fjölda greindra tilfella. Öll greind tilfelli inflúensu í viku 49 voru af inflúensustofni A. Klínískum greiningum á inflúensulíkum einkennum eða „flensu“ (greiningum læknis án rannsóknarniðurstöðu) hefur heilt yfir farið fjölgandi á undanförunum vikum (mynd 3).




Mynd 2. Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum veturinn 2023–2024 og síðastliðin tvö flensutímabil samanborið við meðaltal síðustu fimm flensutímabila þar á undan (2015–2020). Athugið að veturinn 2020–2021 greindist ekkert tilfelli af inflúensu.




Mynd 3. Vikulegur fjöldi klínískra greininga á inflúensulíkum einkennum haustið/veturinn 2023.

Þátttaka í inflúensubólusetningum framan af hausti var dræm og minni samanborið við meðaltal þátttöku undanfarna fimm vetur en hefur tekið við sér á undanförunum vikum (mynd 4). Mikilvægt er að einstaklingar í áhættuhópum þiggi bólusetningu nú samkvæmt [tilmælum](#) sóttvarnalæknis. Bólusetning er í boði hjá heilsugæslu og er fólk hvatt til að þiggja hana sem fyrst.



Mynd 4. Þátttaka í bólusetningum gegn inflúensu veturinn 2023–2024 samanborið við hlaupandi meðaltal síðustu fimm vetra (frá hausti 2018 til vors 2023). Á myndinni eru einnig sýnd skekkjumörk miðað við 95% öryggisbil.

Pátttaka í bólusetningum gegn COVID-19 meðal fólks 60 ára og eldra hefur verið minni og seinni á ferðinni í haust/vetur samanborið við sama tíma í fyrra (mynd 5).




**Mynd 5.** Pátttaka einstaklinga á aldrinum 60 ára og eldri í bólusetningum gegn COVID-19 í haust/vetur ársins 2023 samanborið við sama tímabil árið 2022.

Um þessar mundir stendur heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins fyrir [viku átaki](#) í bólusetningum við inflúensu og COVID-19.

## RSV og aðrar öndunarferasýkingar


Fjöldi greininga á RS-veirusýkingu (RSV) leitar áfram upp á við en 27 einstaklingar greindust í viku 49 (mynd 6), þar af átta börn undir eins árs aldri. Af öndunarferaveirum öðrum en inflúensu og RSV greindust flestir með rhinoveirðu (kvef) í viku 49. Frekari upplýsingar um greiningar á öndunarferaveirum má sjá á [vef sýkla- og veirufræðideildar Landspítala](#).



**Mynd 6.** Vikulegur fjöldi greindra RS-veirusýkinga haust og vetur 2023.


## Innlagnir á sjúkrahús

Fjöldi einstaklinga inniliggjandi á Landspítala með öndunarfæraveirusýkingu jókst í byrjun nóvember og hefur vikulegur fjöldi verið nokkuð stöðugur síðan, á bilinu 40–50 einstaklingar. Þau sem lágu inni í viku 49 vegna öndunarfærasýkinga voru flest með COVID-19 líkt og verið hefur undanfarið (mynd 7).




Mynd 7. Fjöldi innlagðra einstaklinga með öndunarfærasýkingar veturinn 2023–2024. Gögn frá Landspítala.

Frá upphafi þessa vetrar hefur COVID-19 verið langalgengasta greinda öndunarfæraveirusýkingin meðal þeirra sem legið hafa á Landspítala. Fjöldi sem greinst hefur með inflúensu við eða í innlögn í vetur er sambærilegur þeim fjölda sem greinst hefur með RSV (mynd 8). Flestir sem legið hafa á Landspítala með COVID-19 og inflúensu það sem af er vetri hafa verið í aldurshópnum 65 ára og eldri. Börn tveggja ára og yngri eru í meirihluta þeirra sem legið hafa á Landspítala með RSV-greiningu (mynd 9).



**Mynd 8.** Uppsafnaður fjöldi einstaklinga sem legið hefur á Landspítala með COVID-19, inflúensu og RSV veturinn 2023–2024 (frá byrjun október), eftir aldri.



**Mynd 9.** Hlutfall þeirra sem legið hafa á Landspítala með COVID-19, inflúensu og RSV veturinn 2023–2024 (frá byrjun október), eftir aldri.

## Samantekt

Fjöldi COVID-19 greininga er stöðugur en fjöldi greininga á inflúensu virðist vera á uppleið. Fjöldi greininga á RS-veirusýkingu er einnig á uppleið. Fjöldi einstaklinga inniliggjandi á Landspítala með öndunarfæraveirusýkingu jókst í byrjun nóvember og hefur vikulegur fjöldi verið nokkuð stöðugur síðan. Flestir sem liggja inni eru með COVID-19 og af þeim voru flestir í aldurshópnum 65 ára og eldri. Börn tveggja ára og yngri eru í meirihluta þeirra sem legið hafa á Landspítala með RSV-greiningu í vetur.

## Staðan í Evrópu

Tíðni öndunarfærasýkinga er á uppleið víða í Evrópu. Áfram er meira um tilfelli af völdum COVID-19 en RSV og inflúensu. Tíðni RSV er þó á uppleið með mest áhrif í aldurshópnum yngri en 5 ára. Misjafnt er eftir löndum hvort tíðni og alvarleiki COVID-19 sé að aukast eða minnka. Tíðni inflúensu er enn lág en merki eru um aukna útbreiðslu og hækkandi tíðni í sumum löndum.

Sex lönd ESB/EES (Danmörk, Frakkland, Írland, Holland, Noregur og Svíþjóð) hafa tilkynnt um aukna tíðni öndunarfærasýkinga vegna bakteríunnar *Mycoplasma pneumoniae*. Aukning á sýkingum vegna hennar á sér gjarnan stað á 1–3 ára fresti en kann að vera meiri í ár vegna lítillar útbreiðslu undanfarinna ára. *Mycoplasma pneumoniae* er almennt ekki tilkynningarskyldur sjúkdómur í Evrópu og því þarf að taka tölur með fyrirvara.

## Sóttvarnir

Full ástæða er til að sinna persónulegum sóttvörnum til að draga úr líkum á að smitast og á að smita aðra. Við minnum öll á að:

- Fylgja tilmælum um bólusetningu.
- Halda sig til hlés í veikindum.
- Forðast umgengni við ung börn og aðra viðkvæma ef með einkenni.
- Hylja nef og munn við hósta og hnerra.
- Sinna reglulegum handþvotti.
- Nota grímu við ákveðnar aðstæður eins og á heilbrigðisstofnunum þ.m.t. biðstofum.
- Lofta út.

